



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Sigfús Ingi Sigfússon
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. mars 2006
Tilvísun: 2006030018
Bréfalykill: 04.3.4
Verknúmer: 1187030

Efni: Net- og upplýsingakerfi - umsögn um skýrslu starfshóps samgönguráðherra um öryggi fjarskipta o.fl.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 15. mars sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um skýrslu starfshóps samgönguráðherra um öryggi fjarskipta o.fl., sem ber heitið Net- og upplýsingaöryggi. Orkustofnun fagnar útgáfu skýrslunnar og telur hana vera gagnlegt innlegg í umræður um mikilvægan málaflokk.

Við lestur skýrslunnar staldrar Orkustofnun við kafla 3.9., þar sem nafns stofnunarinnar er getið, en kaflinn fjallar um samhæfingu öryggis nets og upplýsinga. Annars vegar er um að ræða umfjöllun um nauðsynlega samhæfingu á öryggi upplýsinga- og fjarstýrikerfa fyrir veitukerfi, þ.á.m. raforkukerfa og hins vegar um eldsneyti.

Skv. raforkulögum nr. 65/2003 er Orkustofnun falið eftirlit með raforkufyrirtækjunum, þannig að áður nefnd málefni um veitukerfi falla undir stofnunina. Stofnunin hefur, enn sem komið er, ekki sett fram skilgreindar kröfur um öryggi upplýsinga- eða fjarskiptakerfa fyrir veitukerfi, en er kunnugt um að raforkufyrirtækin hafa verið vakandi um nauðsyn öryggis þeirra og takmarkaðan aðgang óviðkomandi aðila að þeim. Orkustofnun lýsir sig reiðubúna að taka þátt í starfi nefndar, sem fjalla myndi um netöryggi og samhæfingu vegna veitukerfa, enda myndu víðtæk skoðanaskipti bæta þekkingu á vandamálum þeim tengdum.

Aðkoma stofnunarinnar að eldneyti og öryggismálum því tengdu er ekki alveg eins skýr, en stofnunin er reiðubúin að koma að þeim málum einnig geti hún orðið að liði.

Virðingarfyllst,

Ívar Þorsteinsson

Þorkell Helgason